

***BORGARRÁÐ 27. ágúst 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mat á hvaða mál flokkast sem trúnaðarmál - R20080155***

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði í ítarlega greiningu á því hvaða mál flokkast undir trúnaðarmál og hvað ekki og að verklagsreglur verði settar um flokkun mála eftir niðurstöðu greiningarinnar. Svo virðist sem ákvarðanir um hvaða mál séu trúnaðarmál og hvaða gögn séu trúnaðargögn séu oft hipsum haps. Ef í gögnum mála birtast viðkvæmar persónulegar upplýsingar þá er engin vafi að um þau mál skuli ríkja trúnaður. Eins gildir um tölulegar upplýsingar sem eru á leið í Kauphöll. Flest önnur mál eiga að vera opinber og gagnsæ nema í algerum undantekningartilfellum. Þannig hefur það ekki verið. Alls kyns mál eru stimpluð trúnaðarmál án þess að nokkur skýr ástæða liggi að baki um nauðsyn þess. Sem dæmi hafa kynningar og skýrslur verið faldar fyrir almenning og jafnvel aldrei litið dagsins ljós. Einnig hugmyndir að deiliskipulagi sem ættu einmitt að koma sem fyrst fyrir augu sem flestra. Í þessum málum hafa ekki verið neinar persónulegar upplýsingar eða viðkvæmar fjárhagslegar upplýsingar. Það hefur stundum verið tilfinning fulltrúa Flokks fólksins að þetta sé gert í þeim tilgangi að fela óþægilegar upplýsingar og staðreyndir fyrir borgarbúum. Almennigur á rétt á því að hafa aðgang að upplýsingum um verkefni Reykjavíkurborgar og trúnaður á að vera undantekningin en ekki meginreglan